



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

SJÚK2MS05

Sjúkdómafræði

Kennari/kennarar:	Íris Þórðardóttir (ÍP) iris@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannslíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjakerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

Undanfari: eða með Líffæra og lífeðlisfræði.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans

- mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans
- þróun sjúklegra breytinga í líkama
- viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægistrufunum
- algengum sýkingum í mannslíkama og einkennum þeirra
- samspili umhverfis- og erfðaþátta í sjúkdómsþróun
- flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar
- áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræði

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum
- bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannslíkama
- gera grein fyrir samspili umhverfis- og erfðaþátta í sjúkdómsþróun

- útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar
- gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rekja þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum og útskýra viðbrögð líkamans við þeim
- viðhafa viðeigandi smitgát vegna smitandi sjúkdóma
- draga ályktanir um möguleg áhrif umhverfislaskana og erfðagalla á sjúkdómsþróun
- miðla þekkingu um meinafræði og sjúkdóma í þekjakerfi, stoðkerfi og taugakerfi á fjölbreyttan og skapandi hátt
- nýta þekkingu sína í sjúkdómafræði í starfi

Námsefni:

Sjúkdómar í mönnum: Bogi Ingimarsson Iðnú 1995 og glósur frá kennara

Farið verður yfir fyrstu 6-7 kaflana á þessari önn og svo er bókin kláruð á haustönn 2026.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6.- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Spurningar úr 1 kafla og 2 kafla
5 - 8	2.-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar. 23 febrúar byrjar verknámið	Power point verkefni úr 3 kafla
9 - 12	1.-27. mars.	Kennsla eftir verknám byrjar aftur 16 mars. Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars	Spurningar úr 4 kafla og verkefni.

		Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	
13 - 16	7.- 30. apríl		Spurningar úr 5 og 6 kafla og verkefni
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Spurningar úr 7 kafla.

Sérreglur áfangans:

Nemandi þarf að skila 80% af öllum verkefnum sem sett eru fyrir, á tilsettum tíma, til að fá próftökurétt og standast mætingarskyldur skólans, nema um mætingarsamning sé að ræða, sem gerður er í upphafi annar.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lokapróf	Úr köflum 1-7.	70%
Skáldsaga	Spurningar eftir kafla og vinna í tímum	20%
Verkleg færni	Verklag, sjálfstæði og fagmennska	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, janúar 2026

Íris Þórðardóttir